

Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að samþykkja hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á stofnskrá sjóðsins.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Valgerði Rún Benediktsdóttur og Margræti Sæmundsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Ingvar H. Ragnarsson frá fjármálaráðuneyti og Jón Þ. Sigurgeirsson og Björn G. Ólafsson frá Seðlabanka Íslands.

Fram kemur í athugasemdum frumvarpsins að til þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn geti innt af hendi þær skyldur sem á hann eru lagðar sé nú talin þörf á að hækka stofnframlög aðildarríkjanna. Hlutverk sjóðsins hafi að undanfögnu einkennst af því að veita þjóðum í skuldavanda skammtímafjármögnun og efnahagsráðgjöf. Þátttaka ríkja hafi áhrif á vægi atkvæða þeirra innan sjóðsins og möguleika á hagstæðri lánsfjármögnun.

Samfara fjórtánu endurskoðuninni á stofnfé sjóðsins hafi heildarstofnfé (kvóti) sjóðsins verið tvöfaldað í 476,8 milljarðar SDR. Kvótahækkunin tekur gildi að uppfylltum þremur skilyrðum, í fyrsta lagi þegar fyrir liggur samþykki aðildarríkja sem ráða yfir 70% af stofnfé sjóðsins, en heimild þar að lútandi kemur fram í 1. gr. frumvarpsins, í annan stað þegar til-laga um breytingar á stofnskrá vegna endurskipulagningar á framkvæmdastjórn sjóðsins hefur tekið gildi, sbr. 2. gr., og loks þegar breytingar á stofnskrá sem samþykktar voru árið 2008 hafa tekið gildi, sbr. lög nr. 5/2011.

Fram kemur í 1. gr. frumvarpsins að hækkun á stofnframlagi Íslands fari úr 117,6 millj. SDR í 321,8 millj. SDR sem jafngildir 58,3 milljörðum kr. en samkvæmt þessu mun nýtt framlag nema 37,2 milljörðum kr. Gert er ráð fyrir að fjórðungur framlagsins, 9,254 millj. kr., verði greiddur í SDR (51 millj. SDR) með breytingum á samsetningu gjaldeyrisforðans. Sjóðurinn mun síðan eignast innstæðu í Seðlabankanum fyrir hinum hluta framlagsins sem þýðir að þeir fjármunir verða ekki inntir af hendi.

Athygli skal vakin á því að ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabanka Íslands, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/2001, og skv. 2. mgr. 21. gr. sömu laga fer bankinn með fjárhagsleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn fyrir hönd ríkisins. Af hálfu fjárlaga-skrifstofu fjármálaráðuneytisins er ekki talið að lögfesting frumvarpsins hafi bein áhrif á skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs, auk þess sem á það hefur verið bent að um sé að ræða skuldbindingu af hálfu Seðlabankans sem hverfandi líkur séu á að falli á ríkissjóð.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.
Lilja Mósesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. desember 2011.

Helgi Hjörvar,
form., frsm.

Magnús Orri Schram.

Árni Þór Sigurðsson.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Skúli Helgason.